

**Nd.**

**714. Frumvarp til laga**

**[37. mál]**

um breyting á lögum nr. 74 1974, um meðferð opinberra mála.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. maí.)

1. gr.

Við 61. gr. laga nr. 74 1974 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Handtekinn maður á rétt á skipuðum réttargæslumanni þegar eftir handtöku og ber þeim, er handtöku framkvæmir, að skýra honum frá þessum rétti. Réttargæslumaður ber skyldur og réttindi sem verjandi eftir 86. gr. Handteknum manni er heimilt eftir handtöku að hafa samband við ættingja eða aðra vandamenn, nema sérstök ástæða sé til að ætla að það muni torvelda rannsókn málsins.

2. gr.

3. málslíður 1. málsgr. 86. gr. laga nr. 74 1974 orðist svo:

Verjanda er heimilt að tala við sökunaut einslega, þegar hann er í gæslu, nema dómari hafi sérstakt tilefni til að telja hættu á, að rannsókn torveldist fyrir það.

Í 4. málslíð sömu málsgreinar falli niður orðin: „enda þyki dómara það hættulaust vegna rannsókna málsins.“

3. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.